




SKÓLANÁMSKRÁ HEIÐARBORGAR 2024





Reykjavík 2024
Leikskólinn Heiðarborg
Selásbraut 56
110 Reykjavík
Sími: 411-6570
Netfang: heidarborg@reykjavik.is
Leikskólastjóri: Jóhanna Benný Hannesdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri:
Hönnun merkis leikskólans: Hlín Ólafsdóttir
Árbyrgðarmenn: Jóhanna Benný Hannesdóttir

©Leikskólinn Heiðarborg 2024

Efni þessarar bókar má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Innihald

Innihald.....	3
Formáli	5
Hlutverk leikskóla	7
1. LEIKSKÓLINN HEIÐARBORG.....	9
1.1 Rekstur og stjórn Heiðarborgar	10
1.2 Hlutverk og fagmennska kennara.....	11
1.3 Starfsáætlun og skóladagatal	11
2. HUGMYNDAFRÆÐI HEIÐARBORGAR - LEIÐARLJÓS	12
2.1 John Dewey	12
2.2 Howard Gardner	13
3. LEIKUR, NÁM OG NÁMSUMHVERFI	15
3.1 Val.....	16
4. LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI Í LEIKSKÓLASTARFI.....	17
4.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	17
5. JAFNRÉTTI Í LEIKSKÓLASTARFI	19
5.1 Nám án aðgreiningar	19
6. SAMÞÆTT OG SKAPANDI LEIKSKÓLASTARF	21
6.1 Læsi og samskipti.....	21
6.2 Heilbrigði og vellíðan	23
6.2.1 Lífsleikni.....	24
6.2.2 Agastefna Heiðarborgar	24
6.3 Sjálfbærni og vísindi	25
6.3.1 Umhverfismennt	27
6.3.2 Samstarf við nærsamfélagið.....	28
6.4 Sköpun og menning.....	28
7. MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNNA.....	30
8. FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN	31
9. SAMSTARF OG TENGSL MILLI SKÓLASTIGA.....	34
9.1 Skipulagt starf með elsta árgangi leikskólans.....	35
10. MAT Á LEIKSKÓLASTARFI	36
Heimildaskrá.....	37



FORMÁLI

Skólanámskrá Heiðarborgar lýsir hugmyndafræði leikskólans og þeim áherslum sem ríkja í öllu starfi. Tilgangur hennar er að skipuleggja uppeldi og nám barna, stuðla að skilvirkara starfi og gera leikskólastarfið sýnilegra. Í skólanámskránni eru einnig settar fram þær áherslur sem hafðar eru í samskiptum við börn, starfsfólk, foreldra og nærsamfélagið. Skólanámskráin er byggð á Aðalnámskrá leikskóla frá 2023, lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og reglugerðum fyrir leikskóla.

Vinna við endurgerð námskráar Heiðarborgar fór fram haustið 2024. Allt starfsfólk leikskólans kom að gerð hennar og foreldrar í foreldraráði rýndu í hana og gáfu sitt mat. Námskráin er reglulega endurskoðuð af kennurum skólans.





HLUTVERK LEIKSKÓLA

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og upphaf formlegrar menntunar barna. Leikskólauppeldi er annarskonar uppeldi en það sem foreldrar veita og er mikilvæg viðbót við það. Foreldrar eru óumdeilanlega aðaluppallendur barna sinna og bera meginábyrgð á uppeldi þeirra. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri á að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan.

Skólar landsins eru menntastofnanir sem mynda saman eina heild.

Hlutverk skóla er skilgreint með löggjöf um menntun, sem og aðalnámskrá hvers skólastigs. Hvert skólastig er sérstætt að því leiti að þar eru námsskilyrði, kennsluaðferðir, námsumhverfi, viðfangsefni og efniviður í samræmi við aldur og þroska nemenda hvers stigs. Á grundvelli heildstæðrar menntastefnu er unnið eftir sömu grunnþáttum menntunar á öllum stigum skólakerfisins. Aðalnámskrá kveður einnig á um endurmat og eftirlit.

Aðalnámskrá leikskóla (2023) byggir á sex grunnþáttum menntunar og eru þeir leiðarljós við námskrárgerð sérhvers skóla. Grunnþættir menntunar eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði- og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

„Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.“

Aðalnámskrá leikskóla 2023 kafli 2

2.gr.

Markmið

Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta.

Starfshættir leikskóla mótask af umburðarlyndi og kærleika, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Lög um leikskóla, 2008, nr.90

Í daglegu skipulagi eru viðfangsefni unnin á heildstæðan hátt, af faglegri víðsýni og eru oft notaðir óhefðbundnir kennsluhættir og nýstárleg nálgun í skólastarfinu.



1. LEIKSKÓLINN HEIÐARBORG

Leikskólinn Heiðarborg er staðsettur í Seláshverfi í Reykjavík og tók til starfa 1. júní 1990, þá þriggja deilda. Á Brekku dvelja eins og tveggja ára börn, á Lundu eru börnin tveggja og þriggja ára og á Bala og Laut dvelja þriggja til sex ára börn. Leikskólinn var einn af þremur leikskólum sem tóku þátt í nýju og breyttu rekstrarformi hjá Dagvist barna. Breytingin var fólgin í því að bjóða breytilegan vistunartíma fyrir börn á aldrinum 1 - 6 ára, allt frá fjórum upp í níu stundir. Fljótlega var leikskólinn stækkaður og viðbyggingu bætt við húsið sem hýsir nú eldhús, kaffistofu og vinnuaðstöðu starfsfólks ásamt skrifstofu leikskólastjóra. Fjölnota sameiginlegt rými er í miðju hússins og er það, meðal annars, nýtt sem matsalur, leik- og hreyfisvæði og verustaður fyrir fagnaðarfundir af ýmsum toga. Í Heiðarborg eru nú fjórar deildir þar sem dvelja 69 börn, flest í átta og hálfan tíma.

Stefna og sýn Heiðarborgar byggir á einkunnarorðum leikskólans, *vinátta, gleði og virðing* og eru þessi lífsgildi rauður þráður í öllu leikskólastarfinu.

Fyrstu ár í lífi hvers barns er mikilvægur tími náms og þroska. Markmiðið er að veita öllum börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Öll börn eiga að fá að njóta sín sem einstaklingar en jafnframt að læra að vinna saman, eignast vini og öðlast samkennd.

Í Heiðarborg fellur flest allt starf undir fleiri en einn grunnþátt menntunar hvort heldur sem er daglegar athafnir, frjáls leikur eða skipulagt starf. Læsi, í víðum skilningi, skipar stóran sess í öllu starfi Heiðarborgar auk þess er umhverfismennt, sjálfbærni og náttúruvernd stórir þættir leikskólastarfsins. Til grundvallar öllu uppeldisstarfi í Heiðarborg er unnið út frá hugmyndafræði John Dewey og fjölgreindakenningu Howard Gardners. Allar áætlanir og verklagsreglur sem leikskólinn setur sér mótast af stefnu og sýn leikskólans.

Umhverfi leikskólans er fjölbreytt og fallett og stutt er í Elliðaárdalinn með sína fallegu náttúru. *Heimahagar* er sameiginlegt útivistarsvæði sem Heiðarborg deilir með Selásskóla og leikskólunum Blásölum og Rauðaborg. Tilgangur svæðisins er að efla samstarf og samveru milli kennara og nemenda skólanna í Selásnum.

Garðurinn okkar býður upp á örugg en krefjandi leiktæki og fjölbreyttan gróður sem börnunum er kennt að bera virðingu fyrir. Í desember 2023 fengum við stóra og kærkomna gjöf þegar 20 m² bambahús var sett niður á svæðið þar sem matjurtargarðurinn okkar var áður. Bambahúsið nýtist vel í ræktun margskonar, kennslu um það sem jörðin vill, samverustundir og svo margt fleira.

Í gegnum árin hefur starfsfólk Heiðarborgar haft það að leiðarljósi að bjóða alla velkomna í leikskólann. Áhersla hefur verið lögð á hlýlegt og notalegt viðmót og andrúmsloft þar sem öllum líður vel og upplifa sig velkomna.

1.1 Rekstur og stjórn Heiðarborgar

Rekstur og stjórn Heiðarborgar fellur undir Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar (SFS) sem starfar samkvæmt lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og reglugerðum er varðar lög og samþykktir borgarráðs. Lögð er áhersla á sjálfstæði hvers leikskóla til að móta sína uppeldisstefnu í samráði við foreldra, börn og kennara.

Leikskólastjóri er faglegur stjórnandi skólans og ber ábyrgð á að farið sé eftir skólanámskrá og lögum og reglugerðum sem snúa að leikskólum, börnum og menntun þeirra. Hann ber einnig ábyrgð á að velferð allra sem að leikskólanum koma, barna, kennara og foreldra, séu ætíð höfð að leiðarljósi. Hann ber að auki ábyrgð á símenntun og starfsþróun kennara, skipulagningu skólaársins, mönnun deilda, samstarfi og samskiptum innan skólans sem utan. Leikskólastjóri sér til þess að foreldraráð sé virkt við skólann og er í góðu samstarfi við foreldrafélag skólans.

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar er:

„Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.“

<https://reykjavik.is/menntastefna-til-2030-latun-draumana-raetast#:~:text=Framt%C3%AD%C3%B0ars%C3%BDn>

Aðstoðarleikskólastjóri er hægri hönd leikskólastjóra og gengur í þau verkefni sem leikskólastjóri felur honum auk þess að vera staðgengill í hans fjarveru.

Sérkennslustjóri ber ábyrgð á og stjórnar skipulagningu, framkvæmd og endarmati sérkennslunnar í leikskólanum, annast skráningu og umsóknir beiðna um sérkennslutíma, sér um samskipti við sérfræðinga utan leikskólans vegna málefna barna sem njóta sérkennslu auk samskipta við foreldra þeirra. Þeir einstaklingar sem sinna sérkennslunni í skólanum (sérkennsluteymið) starfa undir stjórn sérkennslustjórans. Þá er sérkennslustjóri tengiliður farsældar og aðstoðar foreldra að sækja viðeigandi þjónustu.¹

Deildarstjórar bera ábyrgð á öllu starfi deildanna, menntun, umönnun, velferð og aðbúnaði barna, upplýsingamiðlun, samskiptum og samstarfi við foreldra. Leikskólakennarar og aðrir kennarar leikskólans eru leiðandi í allri mótun leikskólastarfsins.

Stjórnunarteymi er starfandi í leikskólanum og í því eru leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri. Teymið hefur með höndum að taka sameiginlegar ákvarðanir um málefni leikskólans.

Stjórnendur leggja áherslu á að í leikskólanum ríki lýðræði og að allir hafi rétt á að koma skoðunum sínum á framfæri. Leitast er við að nýta mannauðinn og að starfsmenn fái notið styrkleika sinna í starfi.

¹ <https://www.farsaeldbarna.is/is/tengilidur>

1.2 Hlutverk og fagmennska kennara

Menntun og uppeldi barna í leikskólanum er samvinnuverkefni kennara og alls starfólks í Heiðarborg þar sem velferð og hagur allra barna er hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Kennarar Heiðarborgar leitast ávallt við að vera faglegir í starfi og framkomu, sýna börnum, foreldrum og samstarfsfólki virðingu og vinsemd og hafa einkunnarorð leikskólans, *vinátta, gleði og virðing*, ávallt að leiðarljósi. Ábyrgð kennara er ekki eingöngu falin í þekkingarmiðlun og fræðslu heldur ber þeim að sjá til þess að hvert barn sé virt að verðleikum með það að markmið að börn fái notið bernsku sinnar.

Siðareglur KÍ

Kennari...

- Menntar og stuðlar að alhliða þroska
- Sýnir áhuga og umhyggju
- Ber virðingu fyrir fjölbreytileika og ólíkum þörfum
- Virðir réttindi og lætur sig hagsmuni og velferð varða
- Eflir og eykur víðsýni
- Er meðvitaður um valdastöðu sína og misnotar hana ekki
- Eflir gagnrýna hugsun og ræðir siðferðileg álitamál
- Skapar góðan starfsanda, hvetjandi námsumhverfi, eflir sjálfsrækt og starfsgleði
- Stuðlar að uppbyggilegum samskiptum um málefni nemenda
- Hefur jafnrétti að leiðarljósi og vinnur gegn hvers kyns fordómum, áreitni, ofbeldi og mismunun
- Vinnur að jákvæðri ímynd stéttarinnar
- Viðheldur faglegri hæfni sinni og þekkingu

<https://www.ki.is/um-ki/stefna-ki/sidareglur/>

1.3 Starfsáætlun og skóladagatal

Í júlí, ár hvert, gefur Heiðarborg út starfsáætlun þar sem birtast upplýsingar um matsaðferðir leikskólans, áherslur og markmið fyrir komandi skólaár, starfsmannahald og símenntun, samsetningu barnahópsins og fleira. Skóladagatal næsta skólaárs fylgir starfsáætlun ásamt fylgiskjöllum s.s. matslistum.

Tilgangur með gerð starfsáætlunar er að skólaþróun leikskólans sé sýnileg með markvissum árangursmiðuðum markmiðum og umbótarmiðuðu innra mati. Starfsáætlunin gerir alla starfsþróun sýnilega fyrir starfsfólk, foreldra og rekstraraðila.

Samkvæmt lögum um leikskóla þarf starfsáætlunin að fá umsögn foreldraráðs áður en hún er lögð fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar. Starfsáætlun og skóladagatal er birt á heimasíðu Reykjavíkurborgar. <https://reykjavik.is/heidarborg>

2. HUGMYNDAFRÆÐI HEIÐARBORGAR - LEIÐARLJÓS

Allt leikskólastarf byggir á sérstakri hugmyndafræði og uppeldisaðferðum. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Í leikskólastarfi mynda hugtökin uppeldi, umönnun og menntun eina heild þar sem börnum er sýnd virðing og umhyggja. Í samstarfi við foreldra á leikskólinn að kappkosta að veita öllum börnum tækifæri á að njóta bernsku sinnar ásamt því að stuðla að öryggi þeirra og vellíðan. Til grundvallar uppeldisstarfinu leggur starfsfólk Heiðarborgar áherslu á hugmyndafræði og kenningar John Dewey og fjölgreindakenningu Howard Gardners.

Grunnþættir menntunar eiga að fléttast inn í allt leikskólastarfið, vera sýnilegir í skólastarfinu og endurspeglast í starfsháttum, samskiptum og skólabrag. Tilgangur og markmið eru að einstaklingar öðlist skýra framtíðarsýn, getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi og áskorunum daglegs lífs. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla tengja saman hugmyndafræði leikskólans og Aðalnámskrá leikskóla (2023).

Einkunnarorð Heiðarborgar, *vinátta, gleði og virðing* móta hugmyndafræði okkar í öllum samskiptum og skipulagi náms. Gildi Heiðarborgar endurspeгла grunnþætti menntunar og leiðarljós leikskóla þar sem þau ýta undir andlegt og félagslegt heilbrigði og stuðla að jafnrétti og lýðræði. Einkunnarorðin eru háð hvert öðru og haldast í hendur. Vinátta er ekki möguleg án virðingar og sönn vinátta ber með sér gleði og virðingu.

Leikskólafræði eru fremur þroskamiðuð með áherslu á leik barna sem náms- og þroskaleið. Í leikskólanum ræktum við alhliða þroska barnsins og hlúum að öllum þroskapáttum, eflum þá og örvum. Lífsleikni og námsgengi barnsins byggist á jafnvægi milli þessara þroskapátta.

Við höfum að markmiði að börnin læri að virða rétt annarra, öðlist samkennd, sterka siðferðisvitund og vaxi jafnframt úr grasi heiðarleg og fordómalaus. Börnin eiga, í daglegu lífi og leik, að finna að þau hafi áhrif á umhverfi sitt. Stefnt er á að efla heilbrigða lífshætti og lífsviðhorf barna. Kennarar eru vakandi fyrir umhverfinu og leggja áherslu á að ganga vel um náttúruna ásamt því að bera virðingu fyrir öllu sem lifir.



2.1 John Dewey

John Dewey (1859 - 1952) var bandarískur sálfræðingur og heimspekingur sem hafði mikinn áhuga á námi og kennslu ungra barna. Hugmyndir Dewey voru mjög frábrugðnar þeim hugmyndum sem tíðkuðust þá og voru álitnar mjög róttækar. Hann trúði því að sönn menntun kæmi með því að örva hæfileika og eðlishvöt barnanna og hvetja þau áfram á þeirra forsendum. Dewey hefur mótað uppeldis- og menntastarf á Íslandi og víðar, undanfarna áratugi og er Heiðarborg einn þeirra leikskóla sem hefur tileinkað sér hugsun hans í verki.

Menntun, samkvæmt kenningum Dewey, verður að skilja sem stöðuga uppbyggingu reynslunnar, að ferli og markmið menntunar séu eitt og hið sama.² Hann leit á börn sem hugsandi, skapandi og virka einstaklinga og sagði að fræðslu yrði alltaf að fylgja örvun til athafna. John Dewey er þekktur fyrir kennisetningu sína; „learning by doing“ eða „að læra af reynslu.“³

Dewey taldi skóla eiga að vera smækkaða mynd af samfélagi, þar sem lýðræðisleg samskipti væru viðhöfð og í félagslegu samspili við umhverfið, aðra nemendur og kennara myndu börnin auka við þekkingu sína.



Kennslufræði út frá hugmyndafræði Dewey byggir á því að börnin fái tækifæri til að reyna sig á ýmsum sviðum, öðlast reynslu bæði úti og inni, nær leikskólanum og fjær. Í verkefnum skal leggja áherslu á upplifun barna og að njóta ferlisins við að skapa, útkoman á ekki að vera aðalatriðið þó alltaf sé gaman að sjá skemmtilegan afrakstur. Gefa þarf börnunum tækifæri til að byggja upp reynslu sem þau geta nýtt sér í lífinu sjálfu og menntun í framtíðinni.⁴ Dewey taldi að menntun væri lífsferli en ekki undirbúningur undir ókomin ár enda er það nú orðinn almennur skilningur að menntun hefst við fæðingu og heldur áfram allt lífið.

2.2 Howard Gardner

Howard Gardner (1943-) er bandarískur sálfræðingur og prófessor. Hann byggir **fjölgreindarkenningu** sína á þeirri hugmyndafræði að greind sé ekki eitt fyrirbæri heldur séu greindir okkar átta; málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmisgreind, umhverfisgreind, tónlistargreind, samskiptagreind, sjálfspækkargreind og líkams- og hreyfigreind. Skilgreining hans á greind er að það sé meðal annars hæfileiki til að leysa þrautir og ráða fram úr vanda daglegs lífs. Þá lýsir greind einnig hæfni einstaklings til að leggja af mörkum afurð sem metin er að verðleikum í samfélaginu sem hann lifir í.⁵

Gardner telur að hver maður búi yfir öllum greindunum en þær starfi saman og geti ekki virkað ein og sér. Eins er hægt að vera greindur á mismunandi hátt á hverju sviði. Ýmis reynsla getur orðið til þess að tendra eða lama greindir og því skiptir umhverfi og umönnunaraðilar miklu máli í því sambandi.⁶

Kennslufræði út frá kenningum um fjölgreindir miðar að því að koma auga á og styrkja allar greindir á fjölbreyttan hátt. Með því að bjóða börnum upp á margvíslega reynslu í leikskólastarfinu erum við að tendra og efla greindir. Hvert og eitt barn á að fá tækifæri til að læra á sinn hátt og á sínum hraða og er hver greind lýsandi fyrir þá leið sem einstaklingur notar til að nálgast viðfangsefnið. Ef börn fá að njóta sín á því sviði sem þau eru sterkust og þau njóta

² John Dewey í hugsun og verki, 2010, bls 176

³ Jóhanna Einarsdóttir 2010, bls 57

⁴ Jóhanna Einarsdóttir 2007, bls 83

⁵ Howard Gardner 2006, bls 6

⁶ Thomas Armstrong 2001, bls 30

sín best, eykst sjálfsmynd þeirra. Að auki er leitast við að nýta sterkar greindir barnanna til að efla þær greindir sem þau þurfa örvun í.



Lag Heiðarborgar

Heiðarborg, Heiðarborg
þar mér finnst gott að vera.

Leikandi, skapandi
alltaf mikið að gera.

.,:Syngjandi, dansandi, brosandí,
svon'á það að vera.

Ánægja, samstaða,
góðar minningar gefa.,:.

Lag: Alparós. Texti: Valgerður Breiðfjörð Ólafsdóttir

3. LEIKUR, NÁM OG NÁMSUMHVERFI

Leikurinn er meginnámsleið barna og órjúfanlegur þáttur bernskuáranna. Leikurinn í allri sinni fjölbreytni er kjarni í öllu uppeldisstarfi og hornsteinn leikskólastarfsins.

Fræðimenn eru sammála um að leikurinn sé helsta náms- og þroskaleið barna og rannsóknir sýna að lítil börn læra og þroskast best í leik. Leikurinn kallar á fjölbreytta notkun tungumálsins, hreyfingu, félagsleg samskipti og tilfinningatengsl. Hinn frjálsi og sjálfsprottinn leikur er æðstur allra leikja, hann virkjar sköpunarkraft barnanna og löngun þeirra til að afla sér þekkingar og rannsaka umhverfi sitt. Í leiknum lærir barnið að tjá tilfinningar og leysa vandamál, lærir samskipti og samvinnu við aðra auk þess sem það stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan.

Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja á eigin forsendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök.

Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina út frá sjónarmiði annarra. Leikurinn er lífstjáning og gleðigjafi barns og endurspeglar reynsluheim þess og þá menningu og samfélag sem það býr í.

Kennarar þekkja leik barna, þeir virða og hlúa að honum, gefa honum rými og skipuleggja leikumhverfið. Hlutverk þeirra er að nýta öll tækifæri sem gefast til að styðja og örva nám barna á margvíslegan hátt.

Það sem við gerum til að styðja við leik og nám:

- Sýnum börnunum virðingu, áhuga og umhyggju,
- sköpum hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði,
- eflum með börnunum gagnrýna hugsun, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhverfi sínu og menningu,
- grípum áhuga barnanna, athafnir þeirra og sjálfsprottinnar hugmyndir,
- nýtum forvitni þeirra og ímyndunarafl, spyrjum opinna spurninga,
- veitum aðgengi að leikefni sem hvetur börnin til að rannsaka, finna lausnir og skapa,
- gefum leiknum nægan og samfelldan tíma svo börnin fái svigrúm til að hreyfa sig, þróa leikinn og dýpka,
- styðjum við og eflum jákvæð samskipti í leik, eigum samskipti við börnin og myndum tengsl við þau í gegnum leik.



Í öllu leikskólastarfi er leikurinn flæðandi bæði inni og úti, í daglegum athöfnum barnanna, í samskiptum, skapandi starfi og hugsun, í frjálsum leik, hópastarfi og útinámi. Leitast er við að skapa aðstæður þar sem börnin geta fylgt eftir sinni eigin áhugahvöt hverju sinni með fjölbreytt leikefni og með áherslu á opinn og skapandi efnivið. Í leikskólastarfi er hverju barni mætt þar sem það er stítt í námi og þroska.



3.1 Flæði

Flæði er það ástand sem einstaklingur kemst í þegar hann er svo niðursokkinn í vinnu sína og/eða leik að hann gleymir stað og stund. Hugtakið flæði (e. Flow) kemur frá ungversk-bandaríska sálfræðingnum Csikszentmihalyi (1934 – 2021) sem sagði flæði vera leyndarmál hamingjunnar. Í frjálsa leiknum upplifa börnin flæði sem veitir ánægju og vellíðan. Í Heiðarborg vinna deildirnar saman og flesta daga eftir hádegið fá börnin líka að flæða á milli deilda og geta þá leikið sér við vini sína á öðrum deildum. Kennarinn, með þátttöku barnanna, skapar umhverfið þannig að það kveiki áhuga barnanna sem síðan útfæra og þróa leikinn eftir sínu höfði, hugmyndum og áhuga. Börnin eiga alltaf að stýra leiknum en kennarinn er til staðar og stígur jafnvel inn í leikinn eftir því sem við á en þó á forsendum barnanna.

4.LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI Í LEIKSKÓLASTARFI

Í Heiðarborg er lýðræði og mannréttindi einn af hornsteinum skólastarfsins og fléttast inn í daglegar athafnir í leik og öllu námi.

Lýðræðislegt leikskólastarf byggist á samábyrgð, meðvitund og virkni þeirra sem að samfélaginu koma. Þar eiga börnin að finna að þau eru hluti af hópi og samfélagi þar sem réttlæti og virðing einkenna samskipti.

Börn læra lýðræði með því að búa við lýðræði og lýðræðislegt leikskólastarf byggist á jafnrétti, fjölbreytileika, samábyrgð, samstöðu og viðurkenningu fyrir ólíkum sjónarmiðum. Taka þarf tillit til áhuga barnanna og efla þekkingu þeirra á grundvallarréttindum. Umhyggja fyrir fólki, dýrum og umhverfi er einnig hluti lýðræðismenntunar og er samstarf innan og utan skólans mikilvægur þáttur. Lýðræðislegir skólar eiga að taka þátt í að skapa samábyrgt og sjálfbært samfélag.⁷

Það sem við gerum til að halda uppi lýðræði og mannréttindum:

- Hlustum á skoðanir og viðhorf barnanna
- Gefum börnunum valkosti
- Hvetjum börnin til að vinna saman og aðstoða hvert annað.
- Kennum þeim að bera ábyrgð á sjálfum sér og gjörðum sínum.
- Virðum rétt allra til virkrar þátttöku á eigin forsendum
- Gefum börnunum tækifæri til að hafa áhrif á leikskólastarfið
- Börnin fá að taka sjálfstæðar ákvarðanir út frá eigin líðan
- Lífsleiknikennsla og heimspekilegar umræður.
- Flæði



Í daglegu starfi Heiðarborgar er lögð áhersla á að börnin geti sett sig í spor annarra, geti unnið með öðrum af virðingu og réttlæti, samkennd, sanngirni, tillitssemi, vináttu og umburðarlyndi. Börnunum er kennt að öllu frelsi fylgir ábyrgð og að við gegnum ákveðnum skyldum gagnvart umhverfi okkar og hvert öðru. Þá hefur verið mótuð áætlun um forvarnir og viðbrögð við einelti.

4.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmálinn er samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna. Öllum þjóðum sem hafa samþykkt sáttmálann ber skylda til að kynna hann og framfylgja honum.

Barnasáttmálinn staðfestir að öll börn séu sjálfstæðir einstaklingar með fullgild réttindi og á að tryggja að öllum börnum upp að 18 ára aldri sé veitt sérstök vernd og umönnun. Í

⁷ Aðalnámskrá leikskóla 2023, kafli 6

barnasáttmálanum kemur fram að öll börn hafi jafnan rétt óháð kynþætti, trú, tungumáli, litarhætti, kyni, líkamlegu atgervi og þjóðerni og tekur m.a til menntunar, leiks og tjáningar. Í Barnasáttmálanum eru réttindum barna gróflega skipt í þrjá flokka; vernd, umönnun og þátttöku.

Leikskólanum ber að kynna börnum hver þeirra réttur er og framfylgja þeim rétti í hvívetna. Starfsfólk leikskólans þarf að vera vakandi fyrir því að ekki sé verið að brjóta á rétti barnanna t.d. rétti þeirra til upplýsinga, rétti til að tjá skoðanir sínar og rétti til að hafa áhrif á umhverfi sitt. Með innra mati er hægt að fylgjast með þessum þáttum og eiga börnin einnig að koma að matinu.

Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna má sjá í heild sinni á www.barnasattmali.is



5 JAFNRÉTTI Í LEIKSKÓLASTARFI

Í leikskóla eru foreldrar, kennarar og börn samstarfsaðilar og er það ávinningur fyrir alla að eiga þátt í fjölbreyttu samfélagi óháð aldri, kynferði, bakgrunni, aðstæðum og getu. Jafnréttisstefna Heiðarborgar miðar að því að skapa tækifæri, fyrir öll börn leikskólans, til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Það sem við gerum til að halda uppi jafnrétti:

- Fylgjum jafnréttisáætlun Heiðarborgar
- Höfum umræður og fræðslu um fjölbreytileika samfélagsins
- Leggjum áherslu á að öll hlutverk og störf séu mikilvæg fyrir samfélagið í heild
- Stuðlum að jöfnum tækifærum allra, óháð aldri, kyni, þjóðerni og fötlun
- Höfum gott upplýsingaflæði t.d. á morgunfundi barna
- Fullorðnir og börn skiptast á skoðunum, finna saman lausnir og miðla málum
- Sérkennsla og stuðningur eftir þörfum



Jafnréttismenntun felur m.a. í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu í þeim tilgangi að kenna börnum að greina aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra.⁸

Í Heiðarborg er lögð áhersla á að börnum sé ekki mismunað eða verði útundan í hópnum sökum sérþarfa, kynþættis, þjóðernis, kynferðis, heilbrigðis eða stéttarstöðu. Mikilvægt er að starfsfólk sé meðvitað um fjölbreytileika nemenda og gæti jafnræðis í hvívetna. Við leggjum áherslu á lýðræðisleg gildi, jafnrétti og að virkja þátttöku barnanna í leikskólastarfinu.

Jafnréttisáætlun Heiðarborgar er byggð á jafnréttis- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Í árlegri starfsáætlun leikskólans kemur fram endurmat á markmiðum og leiðum að nýjum markmiðum.

5.1 Nám án aðgreiningar

Leikskóli er fyrir öll börn og mikilvægt er að þeim líði vel í leikskólanum. Þau eiga að hafa jafnan rétt til þátttöku í öllu starfi skólans en ávallt er miðað við þarfir hvers og eins. Leitast er við að starfið sé fjölbreytt og hvert barn fái viðfangsefni við sitt hæfi. Komið er til móts við þarfir allra barna með því að leitast við að þróa fjölbreytta kennslu- og starfshætti. Vinatengsl barna á milli eru mikilvæg og að þeirra á milli ríki samkennd.

Börnin eiga að geta notið hæfileika sinna og styrkleika og jafnframt fengið aðstoð og þjálfun með þá þætti sem þau þurfa. Í leikskólanum er vel fylgst með þroska og líðan barnanna og

⁸ Aðalnámskrá leikskóla 2023, kafli 2

Þeim veittur sá stuðningur sem hver og einn þarfnast. Í Heiðarborg er lögð áhersla á snemmtæka íhlutun þegar grunur er um seinkun eða skerðingu á þroska barna og mótaður hefur verið vinnuferill vegna gruns um þroskafrávik. Málörvunarhópar eru í boði fyrir börn sem eru með slakan málþroska og/eða íslensku sem annað mál. Einnig er unnið að því að efla hljóðkerfisvitund elstu barna leikskólans.

Börn hafa mismunandi getu, þroska og reynslu. Tekið er tillit til þarfa hvers barns þannig að það geti notið sín í hópi annarra barna. Allar sértækar aðgerðir varðandi einstaka barn eru gerðar í samráði við foreldra. Austurmiðstöð Reykjavíkurborgar er til ráðgjafar og handleiðslu, ásamt því að sjá um frumgreiningar og vísa áfram til annarra stofnana.

Barn með fötlun og/eða þroskafrávik á rétt á **stuðningstímum í leikskólanum** sé það staðfest og samþykkt af sérþjónustu SFS. Sérkennslustjóri og þroskaþjálfari (eða almennir starfsmenn undir handleiðslu sérkennslustjóra), í samvinnu við foreldra, vinna að markmiðum og leiðum í vinnu með barnið samkvæmt þörfum undir handleiðslu sérfræðinga. Börn með stuðning fá ítarlegri einstaklingsnámskrá og eru áherslupættir endurskoðaðir eftir þörfum. Markmið með stuðningi er að virkja barnið í leik og starfi og að það nái sem mestum þroskaframförum. Stuðningstímar fara fram í daglegu starfi deildarinnar, í minni hópum eða einstaklingslega, allt eftir þörfum hvers og eins.



6 SAMÞÆTT OG SKAPANDI LEIKSKÓLASTARF

Börn læra í gegnum leik og daglegt starf, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu.

Námssvið leikskólans eru fjögur: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Leikskólastarf byggist á lögum um leikskóla þar sem lögð er áhersla á gildi leiks og skal skipulag leikskólastarfs taka mið af því. Grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla eru sjálfstæðir þættir sem fléttast saman, þeir eiga að byggjast á skapandi og gagnrýnni hugsun og tengjast daglegum athöfnum í leikskóla.⁹

6.1 Læsi og samskipti

Börn eru almennt félagsverur sem hafa ríka þörf fyrir samskipti. Í leik eflist hæfileiki barna til samskipta og málþroski þeirra eykst.¹⁰ Félagsfærniþjálfun er því mikilvægur þáttur í læsi þar sem börn læra að lesa í aðstæður, setja sig í spor annarra og setja orð á hugsanir sínar. Þau læra hvernig á að bregðast við í ýmsum aðstæðum og þar gegnir tungumálið lykilhlutverki.

Börn nota ýmsar leiðir til að tjá sig aðrar en tungumálið. Sem dæmi má nefna hljóð, látbragð, tónlist, myndmál, dans og vinnu með ólíkan efnivið. Þessar leiðir þurfa börnin að fá tækifæri til að nota. Þannig verður allur efniviður og viðfangsefni leikskólans, náttúra, umhverfi, menning og reynsla barna verkfæri til að koma merkingu á framfæri. Barnið lærir smátt og smátt að gera upplifun sína og reynslu merkingarbæra. Í þessu ferli þarf þróun máls og læsis að haldast í hendur við áhuga barnanna, gleði yfir viðfangsefninu og trú á eigin getu.¹⁰



⁹ Aðalnámskrá leikskóla 2023, kafli 9

¹⁰ Aðalnámskrá leikskóla 2023, kafli 9

Í leikskóla ber að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að:

- ▶ eiga jákvæð og uppbyggileg samskipti,
- ▶ endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi,
- ▶ tjá sig með margvíslegum hætti,
- ▶ velta vöngum yfir eigin samfélagi og menningu.....
- ▶ geta ígrundað í næði,
- ▶ efla trú á eigin getu,
- ▶ eiga hlutdeild í starfi leikskólans,
- ▶ þróa læsi í víðum skilningi,
- ▶ deila skoðunum sínum og hugmyndum,
- ▶ kynnast tungumálinu og möguleikum þess,
- ▶ þróa tungumál í leik með öðrum börnum,
- ▶ nýta tungumál á fjölbreyttan hátt
- ▶ njóta þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri,
- ▶ nýta ritað mál í leik,
- ▶ öðlast skilning á að líkamstjáning og tákn hafa merkingu,
- ▶ nýta ólíkar leiðir og margvíslega tækni til að nálgast upplýsingar...
- ▶ læra á stafræna miðla,
- ▶ o.fl.

Aðalnámskrá Leikskóla 2023, kafli 9

Í

Heiðarborg eflum við læsi í víðum skilningi en læsi einskorðast ekki við að lesa stafi og orð, heldur felur í sér leikni og hæfni í að lesa í umhverfi sitt og tjá sig á fjölbreyttan hátt.

Mikilvægt er að börn móti með sér jákvætt viðhorf til læsis. Lagt er upp úr því að halda bókum að börnum með því að gefa frjálsan aðgang að þeim og grípa til lesturs einslega með barni, í litlum og/eða stærri hópum.

Læsisstefna Heiðarborgar var mótuð árið 2015 og byggir á *Lesið í leik*, læsisstefnu leikskóla sem var gefin út af SFS (2013). Í læsisstefnu Heiðarborgar koma fram okkar helstu áherslur og aðferðir til málörvunar og læsiseflingar.

Það sem við gerum til að efla læsi og samskipti:

- Bókstafir og ritað mál sýnilegt
- Sögu- og samverustundir daglega
- Börnin segja frá sinni upplifun og reynslu
- Tónlista- og söngstundir
- Leiksýningar og leikræn tjáning
- Tákn með tali
- Vinna með margvíslegt kennsluefni svo sem *Lubbi finnur málbein*, *Leikum og lærum með hljóðin*, *Sögugrunnur*, *Blær og fleira*.
- Umræður um orð og orðamyndanir



6.2 Heilbrigði og vellíðan

Lengi býr að fyrstu gerð og því er mikilvægt að börn læri að tileinka sér heilbrigða lífshætti frá unga aldri. Heilbrigði byggist á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan. Leikskólastarf í Heiðarborg fylgir ákveðnu en sveigjanlegu dagskipulagi sem sniðið er að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri. Dagskipulagið er skipulagt með leik, samskipti og námsgleði í huga. Áhersla er lögð á að í leikskólanum ríki jákvæður skólabragur og að einkunnarorðin séu sýnileg í öllu starfinu.

Umhyggja og umönnun skipar stóran sess í starfi leikskólans og starfsfólk leggur sig fram um að mynda góð og nán tengsl við börnin og foreldra þeirra.

Í Heiðarborg er boðið upp á þrjár máltíðir, morgunmat, hádegismat og nónhressingu. Matinn fáum við sendan frá fyrirtæki hér í bæ sem leggur áherslu á hollan og næringarríkan mat, íslenskt hráefni og minna kolefnisspor. Hreinlæti og líkamleg umhirða er kennd í gegnum athafnir daglegs lífs ásamt ýmsu forvarnarstarfi s.s. tannvernd og fleirum málefnum er varða öryggi barna.

Leitast er við að finna jafnvægi milli þess að börn fái tækifæri til rólegra leikja á móti krefjandi hreyfingu. Hreyfing stuðlar að vellíðan og börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst sem og í skipulögðum hreyfistundum.

Með hvatningu og hrósi eflum við styrkleika einstaklinga og trú þeirra á eigin getu og er það lykill að því að börn öðlist góða sjálfsmynd. Ef grunnþörfum hvers barns er mætt og því veitt ástrík leiðsögn þá er grunnur lagður að heilbrigðum og öruggum einstaklingi.

Það sem við gerum til að stuðla að heilbrigði og vellíðan:

- Tölum fallega og af virðingu við börn og fullorðna
- Tökum vel á móti öllum og sýnum kurteisi
- Virðum trúnað við barn og foreldra

Í leikskóla ber að stuðla að heilbrigði og vellíðan barna með því að leggja áherslu á:

- ▶ Jöfnun félags- menningarlegra aðstæðna barna,
- ▶ Virka þátttöku barna í leik og starfi,
- ▶ Faglega umhyggju,
- ▶ Líkamlega og andlega vellíðan,
- ▶ Persónulega umhirðu,
- ▶ Gott rými fyrir leik svo börnin hafi svigrúm til að tjá sig í hreyfingu,
- ▶ Rými fyrir vellíðan og ró,
- ▶ Slökun og hvíld,
- ▶ Tilfinningalegt jafnvægi,
- ▶ Samfelldan tíma til leiks,
- ▶ Holla næringu,
- ▶ Margvíslega hreyfingu,
- ▶ Ögrandi og krefjandi útivist,
- ▶ Eiturefnalaust umhverfi.

- Hrósum og hvetjum fyrir verk og framkomu
- Hvetjum börn til sjálfshjálpar og sjálfstæðis
- Fjölbreyttur og næringarríkur matur
- Fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg hreyfing úti og inni
- Syngjum og njótum fjölbreyttrar tónlistar
- Hvíld og slökun
- Hreinlætisþjálfun
- Félagsfærniþjálfun s.s. Blær
- Vinna með heimamenningu til að efla sjálfsmynd
- Máltíðir nýttar sem uppeldis og félagsleg þjálfun
- Leggjum áherslu á að börn njóti styrkleika sinna og áhugasviða
- Útivist, gönguferðir og leikir í náttúrunni



6.2.1 Lífsleikni

Með lífsleikni er átt við hæfni barnsins til að takast á við lífið með félagslegri og tilfinningalegri færni. Lífsleikni eflir alhliða þroska barnsins. Í daglegu lífi lærir barnið að sýna umburðarlyndi í samskiptum sínum við aðra og bera virðingu fyrir ólíkum skoðunum og menningu. Barnið þarf að tileinka sér lífsgildi, reglur, menningu og hefðir sem ríkja heima, í leikskólanum og samfélaginu í heild.

Í leikskólanum er frumkvæði barnsins eflt og styrkt þannig að það verði hæfara til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi. Barnið tekur þátt í ákvörðunum sem varða líf þess og leik eftir því sem aldur og þroski leyfir.



Starfsfólki ber að þjálfa börn í samskiptafærni, vandamálalausnum, reiðistjórnun og annarri færni sem öllum er nauðsynleg. Lögð er áhersla á markvissa félagsfærniþjálfun þó að grunnviðmið sé að efla félagsfærni í öllum samskiptum daglegs lífs í leikskólanum. Í gegnum kennslugögnin Blær, persónubróður og brúðuna Engilráð er það gert á skipulagðan hátt. Félagsleg samskipti er þó best að þjálfa í aðstæðum hverju sinni.

Með viðurkennandi samskiptum eflist sjálfstæði barna og þeim er gefið tækifæri til að þróa jákvæða sjálfsmynd með því að hugsanir þeirra, upplifanir og tilfinningar eru virtar.

6.2.2 Agastefna Heiðarborgar

Í agastefnu Heiðarborgar er leitast við að samræma vinnubrögð starfsfólks og minnka líkur á erfiðri hegðun. Agi er í okkar huga ástrík leiðsögn en starfsfólk þarf alltaf að bera hag barnanna fyrir brjósti og bera umhyggju fyrir þeim. Lagt er út frá því að börn á leikskólaaldri séu enn að læra að þekkja muninn á réttu og röngu, að það sé hlutverk starfsfólks að kenna börnunum þá

færni sem þau þurfa á að halda. Að skilja orsakir hegðunarinnar er lykilatriði til að vinna með hana og starfsfólk deilda vinnur í samvinnu við sérkennslustjóra að finna orsakir tiltekinnar hegðunar. Agastefna Heiðarborgar byggist á því að:

- fyrirbyggja erfiða hegðun,
- hrósa og hvetja fyrir æskilega hegðun,
- bregðast við erfiðri hegðun á viðeigandi hátt,
- kenna börnum að setja sér og öðrum mörk.



6.3 Sjálfbærni og vísindi

Börnum er eðlislægt að kanna umhverfi sitt en þurfa að læra hvernig þau geta haft áhrif á það. Mikilvægt er að efla rannsóknarþörf barnanna með því að skapa aðstæður og umhverfi þar sem þau geta uppgötvað á eigin forsendum. Lögð áhersla á að ýta undir forvitni og vísindalega hugsun barna þar sem rannsökuð eru tengsl, orsök og afleiðing í gegnum leik og daglegt starf.

Í leikskóla á að skapa aðstæður svo börn fái tækifæri til að:

- ▶ Þykja vænt um hvert annað, umhverfi sitt og náttúruna,
- ▶ Vinna með og velta vöngum yfir umgengni sinni og virðingu fyrir náttúrulegu og manngerðu umhverfi,
- ▶ Rannsaka og uppgötva nærumhverfi sitt,
- ▶ Efla jákvæð samskipti og þau fái tækifæri til að leysa mál sem upp koma í leik á eigin forsendum,
- ▶ Tengja hugmyndavinnu, eigin uppgötvanir um náttúruna og náttúruleg fyrirbæri,
- ▶ Vinna í samvinnu og samstarfi með öðrum bæði börnum og fullorðnum,
- ▶ Sjá hvernig vistspor þeirra og nærsamfélags geta stuðlað að sjálfbærri þróun,
- ▶ Kynnast hringrásum og fyrirbærum í náttúrunni, margvíslegum auðlindum og nýtingu náttúrunnar, eiturefnum í umhverfinu, endurnýtingu efniviðs í leik og skapandi starfi,
- ▶ Kynnast upplýsingamiðlum, framsetningu og gildi upplýsinga,
- ▶ Kynnast stærðfræðilegum viðfangsefnum, svo sem flokkun, tölum, táknum og mynstrum,
- ▶ Kynnast lífverum í umhverfinu og lífsháttum þeirra,
- ▶ Átta sig á eðli ýmissa krafta og birtingarmyndum þeirra í umhverfinu,
- ▶ Kanna eiginleika ýmissa efna og hluta, svo sem áferð og þyngd.

Aðalnámskrá Leikskóla 2023, kafli 9

Í Heiðarborg er reynsla tengd við nám barnanna m.a. með því að gefa börnum tækifæri til að vera úti í náttúrunni, upplifa hana af eigin raun og njóta hennar. Með þeim hætti vaknar með þeim löngun til að vernda hana. Börnin fá að læra með fjölbreyttum leiðum, að kynnast náttúrunni, fuglum og öðru dýralífi, veðurfari og árstíðum. Börnin eiga að læra um hringrás náttúrunnar, ýmis náttúruöfl, krafta og birtingarmyndir þeirra í umhverfinu og gera margvíslegar skemmtilegar tilraunir.

Nærumhverfi Heiðarborgar býður upp á ýmis tækifæri til rannsókna og uppgötvana sem er nýtt í útinámi og gönguferðum.

Það sem við gerum til að stuðla að sjálfbærni og vísindum:

- Útinám
- Einingakubbar
- Könnunarleikur
- Segulkubbar
- Ljósaborð og myndvarpar
- Leikir með sand og vatn
- Rannsóknir með víðsjá
- Ræktun og vinna með uppskeru
- Bakstur
- Numicon kubbar
- Vinna með opinn efnivið og verðlaust efni
- Flokkun úrgangs
- Umræður um orkumál í tengslum við ýmis þemu

„Að hugsa er að rannsaka, grennslast fyrir, kanna, velta fyrir sér, kafa til botns í eða grafast fyrir um, í þeim tilgangi að komast að einhverju nýju eða til að sjá það sem þegar er vitað í öðru ljósi. Í stuttu máli, það að spyrja.“

John Dewey 2000, bls 312.

6.3.1 Umhverfismennt

Í leikskólastarfi er mikilvægt að skapa börnum tækifæri til að upplifa og njóta náttúrunnar úti. Virðing og góð umgengni um náttúruna eykst samhliða því sem börn dvelja lengur þar og kynnast henni í gegnum leik.¹¹ Börn þurfa að skilja að með lífstíl okkar höfum við áhrif á jörðina nú og í framtíðinni.

Leikskólinn Heiðarborg hefur allt frá árinu 2012, þegar hann flaggaði Grænfánanum í fyrsta sinn, lagt mikla áherslu á umhverfismennt. 2024 var síðan ákveðið að hætta með Grænfánann en halda vinnunni samt áfram.

Gerður hefur verið umhverfissáttmáli Heiðarborgar, sem er enn í fullu gildi, og ný umhverfisnefnd er virkjuð á hverju hausti en hún vinnur lýðræðislega að umhverfismálum leikskólans.

Einnig tókum við þátt í verkefninu *Græn skref* hjá Reykjavíkurborg sem snýst um að efla vistvænan rekstur og minnka umhverfisáhrif í starfsemi borgarinnar. Skrefin eru fjögur og fyrsta skrefið hlaut leikskólinn haustið 2012.

Í Heiðarborg er allt rusl flokkað, lögð er áhersla á að spara vatn og orku, endurnýtingu hluta og verðlausra efna.

Markmið umhverfismenntunar er að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku,
- efla samfélagskennd innan skólans,
- auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum,
- styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans,
- veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál,
- efla alþjóðlega samkennd,
- tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

¹¹ Aðalnámskrá leikskóla 2023, kafli 9

Ræktun matjurta fer fram í bambahúsinu okkar og eru börnin virkir þátttakendur í því starfi. Gerðar eru tilraunir í ræktun á ýmsum matjurtum og sáningu ávaxtasteina. Einnig fylgjast börnin með vexti blóma og trjáa á lóð leikskólans.

Öll börn leikskólans hafa kost á að njóta útináms á náttúrusvæðum í nágrenni leikskólans. Í *Heimahögum*, sameiginlegu svæði leik- og grunnskólanna í Selásnum, taka elstu börnin þátt í verkefni til að efla tengsl skólastiganna. Aðrir barnahópar leikskólans fara einnig í útinám.



6.3.2 Samstarf við nærsamfélagið

Einn af lykilþáttum sjálfbærni er virkt samstarf við grenndarsamfélagið. Leikskólinn Heiðarborg á samstarf við hinar ýmsu stofnanir og fyrirtæki í grenndinni. Um er að ræða samráð starfsfólks milli stofnana og/eða samstarf þar sem börn eru þátttakendur. Sem dæmi um samstarf við stofnanir í hverfinu má nefna: Ársafn og Árbæjarsafn, félagsstarf eldri borgara, heilsugæsluna, íþróttafélagið Fylkir, leikskólana í Seláshverfi og Selásskóla. Oft berast leikskólanum skemmtileg tilboð um uppákomur og oftast en ekki grípum við tækifærið og skellum okkur af stað í óvænt ferðalag.



6.4 Sköpun og menning

Sköpun er að uppgötva og njóta. Hún er mikilvægur þáttur í námi og þroska barna og er eitt af þeim tjáningarformum sem þau nota. Umhverfi leikskólans á að örva skynjun og styðja við sköpunarkraft barnanna sem er þeim eðlislægur. Sjálft sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman. Börnin þurfa að fá að rannsaka og uppgötva á eigin forsendum og fá til þess tíma og næði. Sköpun er mikilvæg í mótun lýðræðissamfélags, eflir gagnrýna hugsun og opnar nýja möguleika.

Í leikskóla á að vera rými fyrir sköpunarferli og fagurfræðilega tjáningu þar sem börn fá:

- ▶ Að undrast, upplifa og njóta þess að taka þátt í skapandi ferli,
- ▶ Að finna til ánægju og gleði yfir eigin sköpunarkrafti,
- ▶ Að kanna, uppgötva og vinna með margvíslegan efnivið,
- ▶ Að njóta fjölbættra tjáningarleiða,
- ▶ Að upplifa trú á eigin getu til að skapa,
- ▶ Tækifæri til að vinna verk sem byggjast á eigin frumkvæði, að skapa og tjá upplifun sína svo sem í myndlist, tónlist, söng, dansi og leikrænni tjáningu,
- ▶ njóta margsháttar menningar og lista,
- ▶ að kynnast fjölbreyttum aðferðum og verkfærum,
- ▶ að nýta margvíslega tækni,
- ▶ umhverfi og efnivið sem býður upp á skapandi lausnir,
- ▶ að taka virkan þátt í að móta menningu leikskólans með hátíðum og viðburðum sem tengjast barnamenningu,
- ▶ að kynnast og vinna með listafólki á hinum ýmsu sviðum menningar og lista,
- ▶ að vera mótendur barnamenningar.

Aðalnámskrá Leikskóla 2023, kafli 9

Menning er samofin öllu starfi leikskóla til dæmis leik barna þar sem þau skapa bæði eigin menningu og kynnast menningu annarra ¹²

Í Heiðarborg er unnið með sköpun inni á deildum jafnt í frjálsum leik, vali eða hópastarfi, utandyrá á sumrin og í gegnum listgreinar eins og tónmennt, leiklist og dans.

Það sem við gerum til að efla sköpun og menningu:

- Opinn og fjölbreyttur efniviður
- Börnin fá frelsi til að skapa myndverk á eigin forsendum
- Verk barnanna eru sýnileg og virt að verðleikum
- Tónlist og söngur
- Leikræn tjáning og dans
- Sögugerð
- Könnunarleikur



¹² Aðalnámskrá leikskóla 2023, kafli 9

- Heimatilbúnað og aðkeyptar leiksýningar
- Uppákomur í kringum íslenskar hefðir s.s. jól, 17. júní, dag íslenskrar tungu og fleira
- Heimsóknir á hina ýmsu lista- og menningarviðburði
- Samstarf við Tónskála Sigursveins og Barnamenningarhátíð
- Vinna með heimamenningu s.s. „Fljúgandi teppi“ og ferðabangsa

7 MAT Á LEIK, NÁMI OG VELFERÐ BARNA

Starfsfólki leikskóla ber, í samvinnu við börnin og foreldra þeirra, að meta og efla alhliða þroska allra barna en einnig að leggja áherslu á styrkleika þeirra, hæfni og líðan.¹³

Alhliða mat á námi og þroskaframvindu fer fram allt skólaárið en það felur í sér að safnað er upplýsingum um viðfangsefni og áhugasvið barnanna. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja við nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Matið á einnig að tryggja að starfsemi leikskólans sé í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla og að réttindi barna séu virt.¹³

Fjölbreytt gögn skulu lögð til grundvallar að mati á námi og stöðu barna s.s. ferilmöppur, upplýsingar frá foreldrum, skimanir, skráningar, viðtöl við börn, félagsfærnilistar og fleira. Mat á námi og líðan barna er bæði einstaklingsmiðað og hópmiðað og tekur til margra þátta.¹⁴

Með reglubundnum skráningum í leikskólastarfinu, endurmati og umræðum starfsfólks er fylgst með framförum. Í Heiðarborg fylgir hverju barni svokölluð ferilmappa sem geymir skráningar á verkefnum, leik og námi barnsins.

Í foreldraviðtölum á haustönn er unnið að einstaklingsnámskrá fyrir hvert barn þar sem gerð eru skammtíamarkmið um þá þætti sem þarf að vinna með. Í foreldraviðtali á vorönn er farið yfir markmiðin, metið hvort þeim hafi verið náð og í kjölfarið gerð ný markmið.


Í einstaklingsmiðuðu mati er lögð áhersla á:

- ▶ Andlega og líkamlega vellíðan hvers barns
- ▶ Færni þess í daglegum athöfnum
- ▶ Upplifun barns að tilheyra barnahópnum
- ▶ Hvernig barn unni sér í leik
- ▶ Sjálfræði og sjálfstæði
- ▶ Sjónarmið, áhugasvið, hugmyndir og tilgátur
- ▶ Frumkvæði og sköpunarkraft í leik og daglegu starfi
- ▶ Þátttöku í leik úti og inni
- ▶ Félagsfærni og samkennd
- ▶ Tjáningu og samskipti
- ▶ Áhrifamátt barns.

¹³ Aðalnámskrá leikskóla 2023, kafli 10

¹⁴ Viðmið og vísbendingar 2014, bls. 31

Börn í tveimur elstu árgöngum setja sér markmið í byrjun skólaárs og meta árangur í lok skólaárs. Yfir árið meta börnin síðan einstaka þætti í starfinu s.s. eins og flæði, jólaball, vettvangsferðir og fleira en einnig ýmislegt er varðar aðbúnað eða aðstæður og má þar nefna fataklefann og deildina. Þá er skoðuð staða barnsins í hópnum og tengsl við önnur börn.



Ýmis skimunartæki eru notuð og má þar nefna:

- *EFI-2* málþroskaskimur sem skimar málþroska þriggja ára barna
- *Hljóm-2* til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í haustviðtali og grunnskóla að vori.
- *Íslenski þroskalistinn* og *smábarnalistinn* sem lagður er fyrir ef grunur leikur á seinkun barnsins á einhverju þroskasviði.

8 FJÖLSKYLDAN OG LEIKSKÓLINN

Í Heiðarborg er lögð áhersla á góð samskipti alls starfsfólks og foreldra og skulu þau einkennast af virðingu, vinsemd og fordómaleysi. Mikilvægt er að starfsfólk eigi frumkvæði að samstarfi við foreldra og þróa lausnarmiðaðar og sveigjanlegar leiðir til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla verði hindrun í samstarfi.¹⁵ Lögð er áhersla á að foreldrar finni að þau séu velkomin í leikskólann og upplifi vinsamlegt og jákvætt skólaumhverfi sem einkennast af einkunnarorðum leikskólans, *vináttu, gleði og virðingu*.

Á meðan **barnið er í aðlögun** er lagður grunnur að farsælu samstarfi með trausti, virðingu og góðu upplýsingaflæði milli heimilis og skóla. Í fyrsta viðtali fá foreldrar upplýsingar um starf leikskólans og gefa jafnframt upplýsingar um einkenni síns barns, aðstæður þess og bakgrunn. Mikilvægt er að gott traust skapist milli foreldra og leikskóla og að foreldrar upplifi að framlag þeirra sé metið.

¹⁵ Heimurinn er hér 2014, bls 6

Á aðlögunartímanum eru haldnir **fundir fyrir foreldra nýrra** barna og er markmið þeirra að kynna starfsemi og skipulag leikskólastarfsins. Foreldrum er kynnt námskrá skólans, skóladagatalið, dagskipulagið og fleira.

Í Heiðarborg er svokölluð **þátttökuaðlögun** sem felur í sér að foreldrar taka fullan þátt í leikskólastarfinu með börnum sínum og dvelja lengur fyrstu dagana með barni sínu. Oftast eru nokkur börn saman í aðlögun og myndast þá gjarnan tengsl milli foreldra barnanna. Hlutverk foreldra í þátttökuaðlögun er að sinna þörfum barns síns alfarið og hjálpa því að aðlagast umhverfinu og tengjast starfsfólki og börnum. Hlutverk starfsfólks á aðlögunartíma er að kynnast hverju barni og fjölskyldu þess svo að byggja megi nám og leik á þeirri reynslu og þekkingu.

Aðlögun barna á eldri deildir er einstaklingsbundin en þó er ákveðinn rammi lagður til grundvallar. Ef barnið hefur verið áður í leikskóla er aðlögun auðveldari, ef barn er í fyrsta sinn í leikskóla eða er að flytjast milli landa þarf oftast lengri aðlögun.

Þegar börn flytjast á milli deilda er leitast við að gefa þeim góðan tíma til að aðlagast nýju fólki, umhverfi og reglum. Veturinn á undan fara börnin oft í heimsókn á aðrar deildir þar sem þau kynnast starfsfólkinu, aðstæðunum og öðrum börnum sem gerir síðan aðlögunina sjálfa mun einfaldari. Í lok sumars, þegar elstu börnin eru farin yfir í grunnskólann, fara börnin af yngri deildum yfir á eldri deildir. Starfsmaður af „gömlu“ deildinni þeirra er með þeim í tvo til þrjá daga og hjálpar þeim að aðlagast „nýju“ deildinni.

Formleg foreldraviðtöl eru tvisvar á ári þar sem farið er yfir nám og þroska barnsins auk þess að ræða almenna líðan og félagsleg tengsl í leikskólanum. Farið er yfir einstaklingsnámskrá barnanna þar sem fram koma styrkleikar barnsins og áframhaldandi markmið. Viðtölin eiga ekki að vera einhliða heldur leita kennarar eftir upplýsingum um stöðu og líðan barnsins heima fyrir. Foreldrar geta alltaf óskað eftir viðtali og eins deildarstjórar ef svo ber undir.

Upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægt og eiga deildarstjórar að senda reglulega upplýsingapóst. Foreldrar fá leikskóladagatalið sent sem og dagatal, um hver mánaðarmót, fyrir komandi mánuð. Viðburðir eru auglýstir með tölvupóstum, auglýsing hengd á útidyráhurð og með því að minna á, maður á mann.

Reglulega eru viðburðir innan skólans og bjóða börnin foreldrum sínum og systkinum eða ömmum og öfum að koma í heimsókn. Sú hefð hefur skapast á Heiðarborg að bjóða upp á aðventukaffi í upphafi aðventunnar, þorakaffi á bóndadag og gókaffi í tengslum við konudaginn. Foreldrafélagið sér síðan um árlega sumarhátíð þar sem boðið er upp á grillaðar pylsur, leiksýningu og/eða aðra uppákomu. Í hverri viku geta foreldrar eða jafnvel afi og amma borðað morgunmat með barni sínu, spjallað við starfsfólk, aðra foreldra og börn.



Foreldrum er einnig boðið á sérstakar uppákomur hjá sínum börnum eins og t.d. söng elstu barna í Hörpu á Barnamenningarhátíð og útskrift elstu barnanna að vori. Í mörgum heimsóknum fá foreldrar einnig að njóta myndlistar barnanna sem oftast en ekki eru til sýnis á veggjum leikskólans. Fjölskyldur barnanna eru hvattar til að nýta sér þessa viðburði og eiga ánægjulega stund með barninu þar sem það fær tækifæri til að sýna verk sín af stolti.

Foreldraráð er starfrækt í Heiðarborg og er hlutverk þess, samkvæmt lögum um leikskóla, að fylgjast með faglegu starfi leikskólans. Þá skal ráðið gefa umsögn um skólanámskrá og starfsáætlun. Foreldraráð skal fylgjast með öryggismálum og öðru sem tengist aðbúnaði og velferð barnanna í leikskólanum.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfinu. Leikskólastjóri fundar reglulega með foreldraráði og ber ábyrgð á að upplýsa ráðið um starf leikskólans. Að lágmarki sitja þrír foreldrar í ráðinu og eru þeir kosnir til eins árs í senn.

Foreldrafélag er einnig starfrækt meðal foreldra Heiðarborgar. Hlutverk foreldrafélagsins er að vera stuðningur við starfsemi leikskólans en einnig að standa að baki ýmsum viðburðum og skemmtunum tengdum leikskólanum. Þá er foreldrafélaginu ætlað að styrkja samfélag foreldra og barna við leikskólann.

Foreldrafélagið innheimtir félagsgjöld ár hvert í sameiginlegan sjóð sem stendur undir kostnaði við ýmsar uppákomur eins og leiksýningar og sumarhátíð svo eitthvað sé nefnt. Samhliða foreldrafundi að hausti er stjórn foreldrafélagsins með kynningu á starfinu, farið er yfir ársreikninga, verkefni og áætlanir auk þess sem fólk getur gefið kost á sér í stjórn.

Eitt foreldri á sæti í umhverfisnefnd leikskólans og einn fulltrúi foreldra í matsnefnd leikskólans.

Foreldrafundir eru haldnir einu sinni á ári. Á foreldrafundum eru gefnar upp margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið og það sem framundan er.

Leikskólinn Heiðarborg leggur áherslu á að **fullur trúnaður** ríki um allar upplýsingar er varða börnin og foreldra þeirra. Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu.

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/200 17. gr. er þeim er starfa með börnum skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef vart verður við að barn búi við ofbeldi eða vanrækslu. Til nánari upplýsinga má benda á heimasíðu Barnaverndarstofu www.bvs.is þar sem finna má ítarlegar upplýsingar, verklagsreglur og vinnulag.

Í 19. grein Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um vernd barna gegn ofbeldi og vanrækslu: „*Aðildarríki skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntunarmála til að vernda barn gegn hvers kyns líkamlegu og andlegu ofbeldi, meiðingum, misnotkun, vanrækslu, skeytingarleysi, illri meðferð eða notkun, þar á meðal kynferðislegri misnotkun, meðan það er í umsjá annars eða beggja foreldra, lögráðamanns eða lögráðamanna, eða nokkurs annars sem hefur það í umsjá sinni.*“

9 SAMSTARF OG TENGL MILLI SKÓLASTIGA

Í Aðalnámskrá¹⁶ segir meðal annars að skólagangan eigi að mynda samfellda heild þannig að reynsla og nám barna í leikskólanum nýtist þeim á næsta skólastigi. Það felur í sér miklar breytingar að fara úr leikskóla yfir í grunnskóla og mikilvægt er að standa vel að undirbúningi að þeim tímamótum.

Hefð hefur skapast í Seláshverfinu fyrir samstarfi milli leikskóla í hverfinu og Selásskóla. Markmið með samstarfinu er að skapa samfellu í námi barna og auka sjálfstraust þeirra. Undirbúningsfundur er að hausti þar sem kennarar beggja skólastiga skipuleggja samstarf komandi skólaárs og fastsetja dagsetningar.

Þróunarverkefni er unnið í Seláshverfi sem hefur hlotið nafnið *Stígur á milli stiga*. Markmið verkefnisins er að nýta sameiginlegt grenndarsvæði sem við köllum *Heimahaga*. Verkefnið snýr að samvinnu skólanna, nýtingu og sýn þessa hóps á sameiginlegu grenndarsvæði skólastiganna. Með þessu samstarfi er haft að leiðarljósi að skólastigin hafi stuðning og læri hvort af öðru án þess að sjálfstæði hvers skóla sé heft. Árið 2019 bættist hestamannafélagið Fákur og reiðskóli Reykjavíkur í samstarfið sem var skemmtileg viðbót og innspýting í verkefnið. Börnin fá að kynnst íslenska hestinum, kemba honum og fara á bak svo eitthvað sé nefnt, sem vekur ómælda ánægju og gleði bæði í barnahópnum sem og á meðal starfsmanna.

Einnig hafa leikskólarnir í Seláshverfi, Heiðarborg, Blásalir og Rauðaborg, ásamt Selásskóla mótað sameiginlega læsisstefnu.

Gert er ráð fyrir að tiltekna upplýsingar fylgi barni yfir í grunnskólann og er þá fyrst og fremst verið að huga að velferð og þroska barnsins. Þetta er gert í samvinnu við foreldra og þann skóla sem barnið fer í. Foreldrar fá allar upplýsingar um þau gögn sem fylgja barninu en það eru eingöngu gögn sem leikskólinn hefur unnið með barninu eins og t.d. niðurstöður úr Hljóm-2.

Það sem við gerum til að efla tengsl milli skólastiga er m.a.:

- Nemendur í 1. bekk heimsækja gamla leikskólann sinn
- Nemendur í 5. bekk lesa fyrir leikskólabörn í tengslum við dag íslenskrar tungu
- Elstu leikskólabörnin heimsækja bókasafn Selásskóla
- Elstu leikskólabörnin setjast á skólabekk einu sinni að vetri og taka þátt í bekkjastarfi
- Leikskólabörnin fara í heimsókn í íþróttasal Selásskóla
- Í vorskólanum fara foreldrar með börnum sínum í heimsókn



¹⁶ Aðalnámskrá leikskóla 2023, kafli 12

9.1 Skipulagt starf með elsta árgangi leikskólans

Í starfi með börnum í elsta árgangi leikskólans er lögð áhersla á að efla sjálfstæði barnanna í daglegum athöfnum og vinnubrögðum. Þau taka á sig aukna ábyrgð og gegna starfi brunavarða við leikskólann og taka í tengslum við það þátt í samstarfi við slökkviliðið í verkefni er kallast Logi og Glóð.

Farið er í vettvangsferðir og heimsóttar ýmsar menningarstofnanir, fyrirtæki til að víkka út sjóndeildarhring þeirra. Markmið þessara ferða er að gera þau læs á menningu í samfélaginu. Sem dæmi um staði sem eru heimsóttir er Árbæjarsafn, Þjóðleikhúsið og Þjóðminjasafnið en auk þess fá elstu börnin iðulega boð um að sækja ýmsa viðburði eins og t.d. tónlistarviðburð í Hörpu, svo eitthvað sé nefnt.

Að vori taka elstu börn jafnan þátt í samstarfi við Tónskóla Sigursveins þar sem þau hljóta kynningu á starfsemi tónskólanna auk þess sem þau æfa sönglög sem síðan eru flutt við opnun barnamenningarhátíðar í Hörpu.

Elstu börnin fá málörvunarstundir til að efla hljóðkerfisvitund samkvæmt niðurstöðum Hljóm-2 og einnig vinna þau saman í skipulögðu hópastarfi, þvert á deildir.

Þegar börnin eru að ljúka leikskólagöngu sinni fara þau í útskriftarferð að vori en það er dagsferð sem skipulögð er af deildarstjórum eldri deilda. Þá er einnig sérstök útskriftarathöfn þar sem þau fá viðurkenningarskjal frá leikskólastjóra ásamt ferilmöppunni sinni sem er hugsuð sem minningabók frá leikskólaárunum.



10 MAT Á LEIKSKÓLASTARFI

Mat á leikskólastarfi hefur þann tilgang að tryggja réttindi leikskólabarna og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum um leikskóla. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með því að leikskólar borgarinnar framkvæmi matið.

Mat á skólastarfi er tvíþætt. Annarsvegar er um að ræða mat sem leikskólarnir framkvæma sjálfir og er það kallað **innra mat**. Hins vegar er um að ræða mat sem utanaðkomandi aðili vinnur á vegum sveitarfélags, ráðuneytis mennta- og barnamála eða annarra aðila og er nefnt **ytra mat**.

Innra mat á leikskólastarfi á að stuðla að umbótum og auknum gæðum starfshátta leikskólans og vera liður í þróun skólastarfsins. Í Heiðarborg er matsnefnd sem samanstendur af leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra, kennara, eflingarstarfsmanni og einu foreldri. Matsnefnd sér um gerð matsáætlunar ásamt því að útbúa matslista og önnur matsgögn sem notuð eru til að afla margvíslegra gagna meðal barna, foreldra og starfsfólks leikskólans. Leitast er við að matið sé samofið daglegu starfi leikskólans.

Þau viðmið sem matsteymið notar til að meta innra starf, starfsaðferðir og sérstöðu leikskólans eru námskrá Heiðarborgar, „Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs“, lög og reglugerðir um leikskólastarf og að sjálfsögðu er aðalnámskrá leikskóla ávallt lögð til grundvallar. Helstu niðurstöður innra mats eru kynntar starfsfólki á deildar- og starfsmannafundum og foreldrum í starfsáætlun ár hvert.

Fimm ára matsáætlun 2023-2028

		Matstæki	2023 - 2024	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027	2027 - 2028
Stjórnun	Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	viðhorfskönnun starfsfólks gerð af Sameyki	X	X	X	X	X
	Leikskólaþróun og starfsþróun	Starfsþróunarviðtöl leikskólastjóra	X	X	X	X	X
	Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur starfsmannahandbók	• Endurmatslisti (Haust og vor)	X	X	X	X	X
Uppeldis- og menntastarf	Skipulag náms og námsáðstaður	• ECERS x 2 • Gáttlistar x3	Ecens umönnun og daglegt líf	Ecens mál- og hugtakanám	Gáttlisti 1	Gáttlisti 2	Gáttlisti 3
	Uppeldi, menntun og starfshættir	• Gáttlisti deildarfunda • Endurmatslisti (Haust)	X	X	X	X	X
	Leikur og nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna	• Endurmat barna • Gáttlisti deildarfunda	X	X	X	X	X
	Námsvið leikskólans	Endurmatslisti (vor)	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning	Lýðræði og mannréttindi	Læsi og samskipti
	Leikskóli án aðgreiningar	• Endurmat sérkennsluteymis • Börn af erlendum uppruna – samstarf við heimili	X	X	X	X	X
	Mat á námi og velferð barna	• Hjúóm-2 • EPI-2 • Tengslakönnun • Einstaklings námskrá	X	X	X	X	X
			X	X	X	X	X
Mannauður	Hlutverk leikskólakennara	Starfsþróunarsamtöl deildarstjóra	X	X	X	X	X
Leikskólabragur	Velferð og líðan barna	• Gáttlisti deildarfunda • Mat barnanna	X	X	X	X	X
	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun	• Viðhorfskönnun foreldra ef erlendum uppruna • Gáttlisti deildarfunda	X	X	X	X	X
Innra mat	Framkvæmd, gagnaöflun, opinber birting	Endurmat stjórnendateymis	X			X	

Heimildaskrá

- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofunni*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna*. Sótt frá <http://www.barnasattmali.is>
- Dewey, J. (2010). Sannfæring mín um menntun. Í J. Einarsdóttir, & Ó. P. Jónsson, *John Dewey í hugsun og verki* (bls. 169-180).
- Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Jóhanna Einarsdóttir (2007). *Lítill börn með skólatöskur*. Háskólaútgáfan.
- Jóhanna Einarsdóttir(2010). Reynsla og nám barna. Í J. Einarsdóttir, & Ó. P. Jónsson (Ritstj.), *John Dewey í hugsun og verki* (bls. 57-72). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Gardner, H. (2006). *Multiple Intelligences*. New York: Basic Books.
- Aðalnámskrá leikskóla 2024 sótt af netinu <https://adalnamskra.is/adalnamskra-leikskola>
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. (2014). *Heimurinn er hér, stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.(2013). *Lesið í leik, læsisstefna leikskóla*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.
- Lög um leikskóla nr. 90/2008*.
- Siðareglur kennara*. Sótt frá ki.is: <http://www.ki.is>
- Skóla og frístundasvið*. Sótt frá Reykjavik.is: <http://www.reykjavik.is>
- Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum leikskólastarfs (2014)*. Reykjavík: Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur.